

Menntaskólinn í Reykjavík, 24.01.2018.

Foreldraráðsfundur haldinn á kennarastofu MR kl. 17:30. Mættir voru, María Soffía Gottfreðsdóttir, formaður, Gylfi Magnússon, Elísabet Siemsen, rektor, Katrín Heiðar. Ragný Þóra Guðjohnsen, Margrét Hafsteinsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Sigríður Hermannsdóttir og Sigríður Björnsdóttir

Foreldraráðið hefur ekki sent út rukkun vegna greiðslna til foreldrafélagsins fyrir árið 2017-2018. Ákveðið var að senda út valgreiðsluseðil í heimabanka foreldra fyrir þetta skólaár. Ársgjaldið verður það sama og í fyrra, 4000 kr.

Þessir peningar munu meðal annars verða notaðir til að styrkja við nemendur sem hafa ekki efni á ferðum tengdum skólastarfinu. Hluti ef peningnum verður notaður til að efla "edrupottinn" fyrir þá sem velja að blása á skólaböllum MR. Einnig munum við styrkja nemendur til keppnisferða og annað sem tengist skólastarfinu.

Fræðslufund foreldrafélagsins bar næst á góma og var stefnt á að hann yrði í mars fyrir páskafrí. Tillögur að efni komu fram á fundinum meðal annars að fá fræðslu um "fjórðu iðnbýltinguna" mun foreldrafélagið fara yfir áhugaverð efni og finna góða fyrirlesara.

Elísabet Siemsen nýráðin rektor fór yfir húsnæðismál skólans. Ekki er til neitt húsnæði á vegum skólans sem rýmir alla nemendur í einu. Ef hafa þarf sameiginlegan fund fyrir alla nemendur þá þarf annað hvort að hafa það utanhúss eða leigja rými eins og t.d sal í Háskólabíó, kostnaðurinn við það er um 500 000 kr. Rektor hefur farið í alla bekkir og heilsað upp á nemendur og það sem stóð upp úr hvað nemendur væru glaðir og stoltir yfir skólanum.

Mikið var rætt um möguleikana á að gera skólann sýnilegri með því að nýta samfélagsmiðlana. Leggja þyrfti áherslu á hvernig skólinn er að standa sig og hver sérstaða hans er. Hugmynd kom upp að gera jafnvel stutt myndbönd, viðtöl við þá sem hafa verið í skólanum og hafa lokið háskólanámi og geta sagt frá hversu vel þeir telja sig vera undirbúnir fyrir frekari nám.

Hugmynd að fá frú Vigdísí Finnbogadóttur eða Guðna Jóhannesson forseta Íslands til að koma og segja frá skólagöngu sinni í MR eða gera myndband.

Rætt var um hvernig stytting náms í framhaldsskólum birtist í sjálfu háskólanáminu.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi því slitið klukkan 19:00.

Sigríður Björnsdóttir, ritari.